

Hluthafafundur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

- fundargerð -

Haldinn með fjarfundarbúnaði á Teams fimmtudaginn 22. júní kl. 13:15

Mættir voru:

Svanhildur Konráðsdóttir – forstjóri Hörpu
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir – stjórnarformaður Hörpu
Hulda Kristín Magnúsdóttir – aðstoðarmaður forstjóra Hörpu

Fyrir hönd eigenda félagsins mættu með skriflegt umboð:

Steinunn Sigvaldadóttir f.h. fjármála – og efnahagsráðherra sem fer með eignarhlut ríkissjóðs (54%) og Þorsteinn Gunnarsson f.h. borgarstjóra sem fer með eignarhlut Reykjavíkurborgar (46%).

Var því mætt fyrir allt útgefið hlutafé í félaginu.

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning og fundarstjórn.

Formaður stjórnar setti fundinn og lagði til að Svanhildur Konráðsdóttir tæki að sér fundarstjórn og að Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð og var það samþykkt.

2. Könnun á lögmæti fundar.

Fundarstjóri kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

3. Staðfesting á tillögu sem lögð var fram á aðalfundi félagsins þann 26. apríl 2023 um breytingu á samþykktum félagsins.

Fyrir fundinum lá tillaga eigenda um breytingu á fyrstu setningu 1. mgr. 15. gr. samþykktu Hörpu um fjölda varastjórnarmanna til að mæta áskilnaði 6. tölul. 9. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Nú er fyrsta setning 1. mgr. 15. gr. svohljóðandi:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til árs í senn.“

Lagt er til að fyrsta setning 1. mgr. 15. gr. verði svohljóðandi:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og allt að tveimur til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.“

Tillagan var samþykkt.

Engin önnur mál voru á dagskrá og fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð hluthafafundar til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl. 13:20.

Svanhildur Konráðsdóttir, fundarstjóri

Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari